

Mánudaginn 11. desember 1995.

Nr. 401/1995.

Guðrún Bergsdóttir

(Guðni Á. Haraldsson hrl.)

gegn

Þrotabúi Miklagarðs hf.

(Jóhann Níelsson hrl.)

Kærumál. Gjaldþrotaskipti. Kröfulýsing.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Gunnlaugur Claessen og Markús Sigurbjörnsson.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 27. nóvember 1995, sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum 5. desember sl. Kæruheimild er í 179. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o. fl. Sóknaraðili krefst þess, að hinum kærða úrskurði verði hrundið og að krafa hennar, að fjárhæð 2.072.900 krónur, fái komist að við skipti þrotabúsins.

Varnaraðili krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur og að sóknaraðili verði dæmdur til að greiða kærumálskostnað.

Með vísan til forsendna hins kærða úrskurðar verður hann staðfestur.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 17. nóvember 1995.

I.

Mál þetta var þingfest 30. október sl. og tekið til úrskurðar 7. þ. m. að loknum munnlegum málflutningi.

Sóknaraðili er Guðrún Bergsdóttir, kt. 110433-4339, Kríunesi 10, Garðabæ.

Varnaraðili er Þrotabúi Miklagarðs hf., kt. 601083-0869.

Dómkröfur sóknaraðila eru þær, að skaðabótakrafa sóknaraðila, sem lýst hafi verið með bréfi, dagsettu 21. nóvember 1994 og móttækin 23. sama mánaðar, að fjárhæð 2.072.900 kr., fái komist að við skipti á Þrotabúi Miklagarðs hf. og að varnaraðili verði úrskurðaður til að greiða sóknaraðila málskostnað að mati dómsins.

Varnaraðili krefst þess, að kröfum sóknaraðila verði hafnað. Þá er krafist málskostnaðar úr hendi sóknaraðila að mati dómsins eða samkvæmt fram lögðum málskostnaðarreikningi.

II.

Bú varnaraðila var tekið til gjaldþrotaskipta með úrskurði 15. júní 1993. Lauk kröfúlýsingarfresti í búið 7. október 1993. Með bréfi, dagsettu 21. nóvember 1994 og móttæknu næsta dag, lýsti sóknaraðili skaðabótakröfu, að fjárhæð 2.072.900 kr., í þrotabúið vegna slyss, sem sóknaraðili varð fyrir í verslun varnaraðila við Garðatorg í Garðabæ 21. maí 1993. Með bréfi 25. nóvember 1994 tilkynntu skiptastjórar í búi varnaraðila, að þeir teldu kröfuna of seint fram komna til að geta komist að við skiptin. Sú afstaða þeirra var áréttuð á skiptafundi í þrotabúinu 23. október sl., eftir að sóknaraðili hafði ítrekað kröfu sína með símbréfi, móttæknu 29. september sl.

III.

Sóknaraðili heldur því fram, að krafa hennar eigi að komast að við skiptin, með vísan til 5. tl. 118. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o. fl. Við uppkvaðningu gjaldþrotaúrskurðar og fram að lokum kröfúlýsingarfrests hafi sóknaraðili ekki haft vitneskju um, hvort eða hversu mikil örorka hlytist af slysinu. Sé um þetta vísað til læknisvottorðs Ara Ólafssonar læknis frá 9. ágúst 1993, en þar segi, að ekki sé tímabært að meta örorku sóknaraðila fyrr en ári eftir slysið. Ákvæði 5. tl. 118. gr. nefndra laga sé ætlað að ná yfir slík tilvik, þegar ekki sé sanngjarnt að ætlast til, að kröfum sé lýst vegna óvissu um umfang og tilvist þeirra. Sé um þetta vitnað til athugasemda við 110. gr. (sem orðið hafi 111. gr.) eldri gjaldþrotaskiptalaga nr. 6/1978, svohljóðandi: „Reglan á að koma í veg fyrir bersýnilega ósanngjörn málalok, og verður skiptaráðandi að hafa þann tilgang í huga við skýringu á henni og einstaka ákvarðanir sínar.“ Í athugasemdum við 118. gr. sé vitnað til 111. gr. laganna frá 1978.

Það verði að teljast í hæsta máta óeðlileg og ósanngjörn málalok, að bótakröfur fyrir líkamstjón vegna slysa rétt fyrir uppkvaðningu gjaldþrotaúrskurðar falli niður, ef afleiðingar slyssins komi ekki fram fyrr en eftir lok kröfúlýsingarfrests. Ef slík tilvik eigi ekki undir 118. gr., 5. tl., sé vandséð, hvaða tilvik eigi þar undir. Ekki hafi verið vitað um tilvist kröfu sóknaraðila og umfang, fyrr en örorkumat og tjónsútreikningur lágu fyrir, og eigi hún því að komast að við skiptin.

Varnaraðili reisir kröfu sína á því, að krafa sóknaraðila hafi orðið til við tjónsatburðinn 21. maí 1993. Sé krafan þannig ekki orðin til eftir uppkvaðningu gjaldþrotaúrskurðar. Þá er á því byggt, að ef talið verði, að krafan hafi

fyrst orðið til eftir uppkvaðningu gjaldþrotaúrskurðar, hafi henni ekki verið lýst án ástæðulausrar tafar.

Ekki séu skilyrði til þess að færa kröfuna undir ákvæði 5. tl. 118. gr. gjaldþrotaskiptalaga. Sé þar um undantekningarákvæði að ræða frá þeirri meginreglu, að kröfum skuli lýst innan kröfulýsingarfrests, og í öðru lagi, að til að gætt sé meginreglunnar um jafnræði kröfuhafa, verði að skýra undantekningarreglu þessa afar þröngt. Samkvæmt orðalagi nefndrar lagagreinar taki hún einungis til krafna, sem verða til eftir uppkvaðningu gjaldþrotaúrskurðar. Samkvæmt almennum og viðurkenndum skilningi verði skaðabótakröfur til við tjónsatburð. Skuli athygli vakin á því, að í þessu sambandi skipti ekki máli, hvenær gjalddagi kröfu komi til eða fjárhæð hennar fyrst ákvörðuð. Ekkert í lagagreininni gefi neitt undir fótinn með, að unnt sé að miða við gjalddaga kröfu, heldur einungis það, hvenær hún verður til.

Mótmælt er tilvísun sóknaraðila til 111. gr. laga nr. 6/1978 varðandi 5. tl. 118. gr. núgildandi laga um gjaldþrotaskipti, en ekki verði annað séð en þar sé um að ræða reglu, sem ekki hafi áður verið lögfest, og verði því ekki séð, að þau sjónarmið um skýringu á 111. gr. laga nr. 6/1978 (nú 1. tl. 118. gr. laga nr. 21/1991), sem rakin séu í greinargerð með frumvarpi til þeirra laga, eigi við um skýringu á 5. tl. 118. gr. laga nr. 21/1991.

IV.

Samkvæmt 118. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o. fl. er meginreglan sú, að krafa, sem er ekki lýst á hendur þrotabúi innan kröfulýsingarfrests, fellur niður gagnvart búinu. Undantekningar frá þeirri reglu er að finna í 1.-5. tl. nefndrar lagagreinar. Samkvæmt 5. tl. greinarinnar, sem sóknaraðili byggir kröfu sína á í máli þessu, er unnt að koma að við gjaldþrotaskipti kröfu, sem fyrst hefur orðið til eftir uppkvaðningu gjaldþrotaúrskurðar, hafi henni verið lýst án ástæðulausra tafa og áður en boðað er til skiptafundar um frumvarp til úthlutunar úr búinu.

Sóknaraðili varð fyrir umræddu slysi í verslun Miklagarðs hf. 21. maí 1993, þ. e. tæpum mánuði áður en bú varnaraðila var tekið til gjaldþrotaskipta. Telja verður, að krafa sóknaraðila um skaðabætur úr hendi varnaraðila hafi orðið til við fyrrgreindan tjónsatburð. Þykir verða að skýra framangreinda undantekningarreglu þröngt og eftir orðanna hljóðan þannig, að hún taki einungis til krafna, sem verða til eftir uppkvaðningu gjaldþrotaúrskurðar. Þykir því þegar af þeirri ástæðu, að krafan varð til fyrir uppkvaðningu gjaldþrotaúrskurðar, ekki verða hjá því komist að hafna því, að hún komist að við skipti á þrotabúi varnaraðila, en eftir atvikum er rétt, að hvor aðila beri sinn kostnað af rekstri málsins.

Helgi I. Jónsson héraðsdómari kveður upp úrskurð þennan.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kröfu sóknaraðila, Guðrúnar Bergsdóttur, að skaðabótakrafa, sem lýst var í þrotabú Miklagarðs hf. með bréfi 21. nóvember 1994, að fjárhæð 2.070.900 kr., komist að við skipti á þrotabúinu, er hafnað.

Málskostnaður fellur niður.
